

1266. Stjórnarfundur VR

Haldinn þriðjudaginn 13. ágúst 2024 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 9. hæð og í fjarfundi.

Mætt á staðfund: Ragnar Þór Ingólfsson, Halla Gunnarsdóttir, Ólafur Reimar Gunnarsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Diljá Ámundadóttir Zoega, Gabríel Benjamín, Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Vala Ólöf Kristinsdóttir, Þórir Hilmarsson, Arnþór Sigurðsson varamaður, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Steinunn Böðvarsdóttir forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Mætt á fjarfund: Harpa Sævarsdóttir og Jennifer Schröder.

Fjarverandi: Jónas Yngvi Ásgrímsson.

Næsti fundur: 11. september 2024.

Ragnar Þór Ingólfsson formaður setti fund og bauð fundarfólk velkomið.

Dagskrá:

1. Fundargerð 1256. stjórnarfundar VR var lögð fram til samþykktar.

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1256. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Samþykkt á milli funda, skráning á raunverulegum eiganda VR

Stefán Sveinbjörnsson fór yfir samþykkt stjórnar milli funda um formlega skráningu eigenda VR en það var stjórn félagsins. Samþykkt var af stjórn á milli stjórnarfunda að gera breytingu á þeirri skráningu þannig að framkvæmdastjóri félagsins er skráður eigandi en ekki stjórn og er það tilkomið vegna skráningar stjórnarfólks á lista yfir einstaklinga í áhættuhópi vegna stjórn mála legra tengsla.

Umræður

Sigríður Lovísa Jónsdóttir mætti til fundar kl. 17:37.



3. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði að fundað hafi verið á vettvangi verkalyðshreyfingarinnar um stöðu mála og efnahagshorfur sem ekki væru eins og best er á kosið. Á þeim fundi hafi verið farið yfir horfur og greiningar ASÍ á stöðunni og m.a. rætt að sambandið mætti vera virkara þegar kemur að viðbrögðum við greiningum hagsmunaaðila og málatilbúnaði seðlabankans.

Ragnar Þór fjallaði um stöðuna í húsnæðismálum þar sem reynt er að koma hlutum á hreyfingu. Einungis um 70 íbúðir eru í byggingu á vegum Bjargs en almennt hafa þær verið um 200 á hverjum tíma.

Arnþór Sigurðsson mætti til fjarfundar kl. 17:42.

Umræður

4. ASÍ þing – val á þingfulltrúum

Fyrir fundinum lá skjalið „Kosning fulltrúa VR á þing ASÍ 2024“ til kynningar og afgreiðslu.

46. þing Alþýðusambands Íslands verður haldið dagana 16. – 18. október 2024 og munu um 90 fulltrúar VR sitja þingið. Stefán fór yfir minnisblað um það hvernig vali á þingfulltrúum VR hefur verið háttað undanfarin ár, en bæði hefur verið valið á lista þingfulltrúa með einstaklingskjöri á félagsfundi og með listakosningu í allsherjaratkvæðagreiðslu.

Umræður

Að umræðum loknum lagði Ragnar Þór til að valið verði á lista þingfulltrúa VR á þingið á félagsfundi.

Samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Styrkjafyrirkomulag VR – VR varasjóður

Fyrir fundinum lágu skjölin „Greining og útfærslur á VR varasjóði“ og „Styrkir og dagpeningar samanburður við önnur félög“ til umfjöllunar og kynningar.

Ragnar Þór minnti á að fyrirkomulag styrkja hjá VR hafi verið til umfjöllunar á sérstökum vinnufundi stjórnar haustið 2023 þar sem m.a. hafi verið ákveðið að taka saman samanburð stéttarféлага hvað þetta varðar og skoða möguleika á nýrri útfærslu á fyrirkomulagi styrkja hjá VR.



Stefán stiklað á stóru í samanburði styrkja milli félaga en hvatti stjórnarfólk til að kynna sér það vel. Skjalið með greiningu og mismunandi útfærslum á sjóðnum var tekið saman eftir vinnufundinn og fór Stefán yfir þær niðurstöður.

Hlutfall úttektar úr sjóðnum og upphæð helst í hendur við laun, því hærri sem launin eru, því hærri eru innlagnir og úttektir úr sjóðnum og því hærra hlutfall félaga tekur út úr sjóðnum. Á árinu 2023 var úttekt úr VR varasjóði mest hjá félagsfólki með laun á bilinu 550 – 950 þ.kr. á mánuði og stóð sá hópur að baki um 46% af greiddri upphæð úr sjóðnum það ár. Mun hærra hlutfall félagsfólks á aldrinum 35 ára og eldri tók út úr sjóðnum á árinu en yngra fólks og er upphæð úttektar mun þess hóps mun hærri en yngra fólks. Almenn taka um 51% félagsfólks reglulega útúr VR varasjóði, um 46% taka reglulega út úr sjóðnum eingöngu fyrir líkamsrækt.

Stefán kynnti nokkrar hugmyndir og kostnað við nýjar útfærslur á fyrirkomulagi styrkja hjá VR, m.a. að hafa fastan styrk / fasta styrki fyrir þætti eins og líkamsrækt og forvarnir, að allir fái sömu krónutölu greidda inn í sjóðinn óháð launum, að sett verði hámark og lágmark á innlagnir í sjóðinn o.fl.

Umræður

Í umræðum var m.a. rætt um skattlagningu styrkja frá stéttarfélögum en einungis styrkir fyrir líkamsrækt, orlofsgistingu og starfstengdu námi eru undanþegnir staðgreiðslu skatta. Miklar umræður urðu um skattlagningu styrkja vegna ýmissa forvarna, einkum sálfræðiþjónustu en vilyrði var komið fyrir því frá stjórnvöldum fyrir nokkrum árum að styrkir vegna sálfræðiþjónustu yrðu undanþegnir staðgreiðslu skatta. Það gekk ekki eftir og var samþykkt í umræðum á fundi stjórnar nú að vekja athygli á þessu og fylgja þeirri kröfu eftir að slíkir styrkir verði undanþegnir skatti.

Að loknum umræðum sagði Ragnar Þór að hann hygðist boða til sérstaks fundar um þetta málefni fljótlega og hvatti stjórnarfólk til að kynna sér gögnin vel fyrir þann fund.

6. 1. maí, fyrirkomulag hjá VR

Fyrir fundinum lá skjalið „1. maí hjá VR minnisblað“ til kynningar og afgreiðslu.

Stefán fór yfir viðburði sem VR stóð fyrir í tilefni af baráttudegi verkalýðsins þann 1. maí 2024. VR hefur ætíð staðið fyrir einhverjum viðburðum á þessum degi en síðustu tíu ár hefur félagið bæði verið með fjölskylduhátíð á Klambartúni í aðdraganda kröfugöngunnar og svo kaffi fyrir launafólk að henni lokinni.

Stefán sagði félagið reglulega skoða og endurmeta slíka og aðra viðburði, bæði varðandi markmið þeirra og kostnað. Fyrir stjórn liggur að meta hvort gera eigi breytingar á viðburðum félagsins 1. maí eða ekki.

Umræður

Að loknum umræðum var afraðið að Þróunarsvið VR komið með tillögur að breytingum þar sem þessum degi og baráttunni er gert hátt undir höfði og reynt verði að höfða til félagsfólks og launafólks að taka þátt.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 20:10.

